

BÍÓ

MYDIR

287. tbl. des. 2017

mánaðarins



STAR WARS

THE LAST JEDI

Fazer
Dumle



Ómótstæðilega gott...

MARGOT ROBBIE SEBASTIAN STAN AND ALLISON JANNEY

I, TONYA

EIN AF BESTU MYNDUM ÞESSA ÁRS

Svört kómedía byggð á ótrúlegum sönnum atburðum um skautadrottninguna Tonyu Harding.

„Drepfyndinn harmleikur, sem er svo skemmtilegur að þú getur ekki litið undan.“

INDIEWIRE

**NÝTT
Í BÍÓ**
FRUMSÝND
8. DES.



Domino's



HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

Gleðileg jól

Desember er runninn upp enn eina ferðina með tilheyrandi hátíðahaldi sem verður vonandi ánægjulegt og gefandi fyrir alla Íslendinga nær og fjær. Víst er að kvikmyndaáhugafólk fær margt gott í skóinn í þessum síðasta mánuði ársins enda eru vægast sagt mjög góðar myndir á dagskrá kvikmyndahúsanna og kennir þar ýmissa grasa eins og venjulega. Eflaust bíða flestir eftir nýjustu *Star Wars*-myndinni *The Last Jedi* sem prýðir forsíðu blaðsins að þessu sinni, en aðrar myndir mánaðarins eru líka spennandi hver á sinn hátt og má sjá heiti þeirra í upptalningunni hér fyrir neðan.

DVD- og VOD-útgáfan sem sjá má hinum megin í blaðinu er líka vegleg og eru þar á meðal margar stórmyndir auk jólamynda fyrir alla fjölskylduna, teiknimynda og alls kyns barnaefnis. Kíkið á!

Desemberdagskrá bíóhúsanna:

1. des. Daddy's Home	Bls. 18
1. des. Jigsaw	Bls. 20
8. des. I, Tonya	Bls. 22
8. des. Bangsi og dóttir nornarinnar	Bls. 23
14. des. Star Wars: The Last Jedi	Bls. 24
26. des. Jumanji: Welcome to the Jungle	Bls. 26
26. des. Pitch Perfect 3	Bls. 28
26. des. Ferdinand	Bls. 30
29. des. The Disaster Artist	Bls. 32
29. des. The Greatest Showman	Bls. 34

Gleðileg jól og við sjáumst í bíó!

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá jólagjöfina og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna litla jólagjöf sem einhver gleymdi inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 🎁

Ef þú finnur jólagjöfina og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið með skilaboðum, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem loftbelgurinn er. Mundu að hafa fullt heimilisfang með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með 17. desember. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum 18. desember og verða nöfn vinningshafa birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu loftbelginn:

Ari Brimar Gústavsson, Dalatanga 15, 270 Mosfellsbæ
 Heiða Lind Ingólfsdóttir, Baldursgötu 25, 101 Reykjavík
 Jón Óskar Ísleifsson, Hjallalundi 15, 600 Akureyri
 Guðrún S. Sigurgrímsd., Borgarholtsbraut 72, 200 Kópavogi
 Halldór Guðnason, Fellahvarfi 25, 203 Kópavogi

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

287. tbl. desember 2017

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 22.000 eintök

FRUMSÝND

8. DESEMBER

BANGSI

OG DÓTTIR NORNARINNAR



LAUGARÁS
BÍÓ
- bara lúxus -



HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ



BORGAR BÍÓ



GAMAN ER AÐ GLEÐJA!

NIVEA





Nýjasta teiknimyndin frá Pixar-Disney, *Coco*, sem frumsýnd var helgina áður en þetta blað kom út hefur hlotið algjörlega frábæra dóma og er víða sögð besta Pixar-mynd sem gerð hefur verið. Þar með er mikið sagt enda hafa flestar Pixar-myndirnar verið góðar eins og allir vita og það þurfti að klífa háan múr til að slá við t.d. *Toy Story*-myndunum, *Finding Nemo*, *The Incredibles* og fleirum. En það virðast snillingarnir hjá Pixar nú samt sem áður hafa gert með *Coco*.



Þá er vert að nefna myndina *Wonder* í þessu sambandi en hún var einnig frumsýnd helgina áður en þetta blað kom út og hefur líka verið að fá ákaflega góða dóma og mun betri en menn þorðu að vona. Sérstaklega þykir hinn ungi Jacob Tremblay fara á kostum í aðalhlutverkinu og það er nokkuð ljóst að þar er á ferðinni ein af stórstjörnum framtíðarinnar. Þessar tvær myndir, *Coco* og *Wonder*, eiga það líka sameiginlegt að vera afar fjölskylduvænar og viljum við hér á Myndum mánaðarins hvetja sem flest kvikmyndaáhugafólk til að sjá þær báðar á stórum tjöldum í bíó.




Það er ekki hægt að neita því að af mörgum áhugaverðum myndum desembermánaðar bíði fólk í kvikmyndabransanum hvað spennast eftir nýju *Star Wars*-myndinni, *The Last Jedi* sem frumsýna á um allan heim á sama tíma um miðjan mánuðinn. Ekki bara snýst spennan um að vita í hvaða átt sagan mun þróast (því er lofað að það muni koma á óvart) heldur einnig um

hvort myndin muni ná að slá ótrúlegt aðsóknarmet *The Force Awakens* sem byrjaði með látum í desember 2015 þegar miðar á hana seldust fyrir meira en 305 milljónir dollara á frumsýningarhelginni. Hún rauk síðan upp í að verða þriðja vinsælasta bíómynd allra tíma á eftir *Titanic* og *Avatar*. Þeir bjartsýnustu eru farnir að spá því að *The Last Jedi* slái met *The Force Awakens* og ef það gerist verður hún líka komin ansi nálægt því að ná öðru sætinu af *Titanic* á listanum yfir vinsælustu myndir sögunnar.



Aðdáendur leikstjórans og handritshöfundarins Quentins Tarantino hafa allt síðan síðasta mynd hans *The Hateful Eight* var frumsýnd beðið spennir eftir að vita um hvað næsta og niunda mynd hans muni snúast. Sögusagnir um að sagan sé um Charles Manson og morðgengi hans hafa verið nokkuð háværar en á dögnum var leyndinni aflétt, a.m.k. að hluta til. Myndin gerist vissulega á sama tíma og gengi Charles Manson myrta Sharon Tate, eiginkonu Romans Polanski í ágúst 1969, en aðalsöguhetjurnar eru tveir leikarar sem eru að reyna að komast að í kvikmyndabransanum og hafa ekkert með Manson að gera þótt Sharon sé vissulega ein af persónum myndarinnar líka. Þess má geta varðandi leikaraval að sögusagnir herma að Tarantino hafi hug á að fá þá Brad Pitt og Tom Cruise í aðalhlutverkin og það bendir margt til að hann sé þegar búinn að fá Margot Robbie til að taka að sér að leika Sharon Tate.



Við sögðum dálítið frá myndinni *A Wrinkle in Time* í síðasta blaði þar sem við hvöttum ævintýraunnendur til að skoða stíkluna. Þar sem glæný og enn betri stikla var frumsýnd rétt áður en þetta blað fór í prentun viljum við endurtaka þá hvatningu hér, en myndin gæti orðið ein sú vinsælasta á næsta ári.



Við höfðum líka orð á því í síðasta blaði hversu upptekinn Dwayne Johnson væri við gerð nýrra mynda og höfðum auðvitað vart sleppt blaðinu í prentun þegar fyrsta stiklan úr einni af þessum myndum var frumsýnd. Hún nefnist *Rampage* og er eftir Brad Peyton, þann sama og gerði myndirnar *San Andreas* og *Journey 2: The Mysterious Island* sem báðar voru með Dwayne í aðalhlutverki. *Rampage* er ævintýramynd sem sækir innblásturinn í samnefndan tölvuleik frá níunda áratugnum og segir frá dýrasérfræðingnum Davis Okoye (Dwayne Johnson) sem í starfi sínu hefur náð miklum árangri í að ná sambandi við hin ýmsu dýr, en ekkert samt eins og górelluna George. Þegar vondir menn gera ólöglega tilraun með þeim afleiðingum að George og önnur dýr í skóginum byrja að stækka upp úr öllu valdi án þess að við verði ráðið þróast málin upp í allsherjar upplausn því hin risavöxnu dýr byrja að ráðast á borgir og taka bókstaflega við að mylja þær mélinu smærra. Kíkið endilega á viðburðaríka stíkluna!



Nýlega var tilkynnt um gerð tveggja nýrra ofurhetjumynda sem byggja á DC-ofurhetjum, annars vegar um mynd sem heitir *The Batman* og hlýtur því að fjalla um Batman enda með Ben Affleck í aðalhlutverki eftir því sem við vitum best og síðan um myndina *Deathstroke* sem er nefnd eftir samnefndri ofurhetju, en hún var stuttlega kynnt til sögunnar í *Justice League* eins og þeir vita sem horfðu á þá mynd allt til enda kreditlistanna og er leikin af Joe Manganiello. Joe mun einnig leika

Deathstroke í fyrrnefndu myndinni og sennilega tengjast þær myndir því eitthvað innbyrðis, en þar sem við höfum nánast engar nánari upplýsingar um þessar myndir biðum við með allar spekúlásjónir þangað til við vitum meira. Þess má þó geta að sagt er að Matt Reeves (*War for the Planet of the Apes*) muni leikstýra *The Batman* og að Gareth Evans (*The Raid*) muni leikstýra *Deathstroke*.



Ög talandi um væntanlegar ofurhetjumyndir sem byggðar eru á karakterum frá DC-Comics má geta þess að í næstu *Suicide Squad*-mynd, sem á að vera tilbúin eftir eitt og hálf ár, mun ofurhetjan Black Adam að öllum líkindum koma fram og þá sem undanfari sérmyndar sem til stendur að gera um hann og frumsýna árið 2021. Hermt er að verið sé að reyna að fá Dwayne Johnson til að leika Black en það er enn bara orðrómur.



Það er vert að benda áhugafólki um einstaklega góðar „coming of age“-myndir, eða uppvaxtarmyndir eins og við höfum stundum kallað myndir um ungt fólk sem er að reyna að höndla það að verða fullorðið, að myndin *Lady Bird* eftir Greta Gerwig er nú umtöluð sem besta þannig mynd ársins 2017 og að margra mati ein besta þannig mynd allra tíma. Myndin hefur hingað til eingöngu verið sýnd á kvikmyndahátíðum og hlotið þar frábæra dóma og ótal verðlaun ekki síst Saoirse Ronan fyrir leik sinn í titilhlutverkinu. Þess utan eru nú góðar líkur taldar á því að Greta verði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leikstjórnina og ef það gerist yrði það í fjórða sinn sem kona er tilnefnd til Óskars fyrir leikstjórn. Ekki þykir handritið síðra en það er einnig skrifað af Greta og setur t.d. Adam Clayton hjá awardscircuit.com það í fyrsta sæti yfir þau handrit sem hann spáir að fá

SAMSUNG Galaxy S8 | S8+



Óskarinn sjálfan í mars. Kíkið endilega á stíkluna en *Lady Bird* er á dagskrá kvikmyndahúsanna hér á landi í apríl næstkomandi.



Kvikmynd Kenneths Branagh, *Morðið í Austurlandahraðlestinni*, hefur gengið vel eins og við var að búast, en hún er eins og allir vita byggð á samnefndri bók eftir morðgáturithöfundinn Agöthu Christie. Nú herma fregnir að Kenneth hafi verið ráðinn til að gera aðra Agöthu Christie-mynd, í þetta sinn eftir bókinni *Dauðinn á Nil* sem er ekki síður þekkt saga en sú fyrrnefnda. Kenneth mun að sjálf sögðu leika belgíska rannsóknar-lögreglumanninn Hercule Poirot á ný í þeirri mynd og það má alveg búast við að leikhópurinn verði stjörnum þryddur.



Í nóvember var ný örstikla, eða kitla eins og stuttar stíklur eru stundum kallaðar, frumsýnd úr næstu Pixar-mynd sem um leið er önnur myndin um John Parr, öðru nafni herra Ótrúlegan (Mr. Incredible) og fjölskyldu hans, en hún er gædd ótrúlegum ofurhæfileikum eins og flestir vita. Fyrri myndin sem var frumsýnd árið 2004 er að margra mati ein af bestu Pixar-myndunum fyrr og síðar og tvímælalaust sú myndnasta og það er full ástæða til að fara að láta sig hlakka til júnímánaðar þegar nýja myndin verður frumsýnd. Kíkið endilega á kitluna sem er bráðskemmtileg þótt hún sé stutt og gefi lítið sem ekkert upp um söguna sjálfa.

Og talandi um teiknimyndir þá má geta þess að margar slíkar eru í bígerð hjá ýmsum aðilum enda njóta góðar og vel gerðar teiknimyndir oftan en ekki mikilla vinsælda í kvikmyndahúsum. Af þeim sem frumsýndar verða á næsta ári má nefna myndina *Smallfoot* en hún er nokkurs konar spegill sögunnar um Stórfót, þ.e.



þá útgáfu af honum sem býr í Himalajafjöllum og hefur líka verið kallaður Snjómaðurinn. Í þessari sögu er gert ráð fyrir að hann eigi stóra fjölskyldu sem hann eigi til að hræða með sögum af litlum mönnum með litla fætur, þ.e. mannfólkinu. Þegar einn slíkur klifrar síðan upp á tindinn þar sem Snjómaðurinn býr fá þessar „hryllingssögur“ auðvitað byr undir báða vængi. *Smallfoot* er væntanleg í bíó næsta haust.



Þriðja myndin um Drakúla sem nú rekur Hótel Transylvaníu er líka væntanleg næsta sumar og segir frá því þegar Drakúla fer sjálfur í frí ásamt fjölskyldunni með risastóru farþegaskipi og verður ástfanginn af skipstjóranum, henni Ericu.



Breska myndin *Pétur kanína* er byggð á samnefndum sögum Beatrix Potter um Pétur kanínu og vini hans sem lenda í miklum útistöðum við nágranna sinn, en honum er meinilla við að hafa dýr í garðinum sínum. Þessi mynd er reyndar bæði teiknuð og leikin, þ.e. mannfólkið er leikið en dýrin teiknuð eins og t.d. í *Paddington*. Hún kemur í bíó í lok mars.



Fjórða myndin sem við nefnum er líka bresk, en það er *Early Man*

sem fjallar eins og nafnið bendir til um fólk sem var uppi á steinöld. Þetta er reyndar ekki teiknuð mynd heldur brúðumynd í anda *Wallace og Gromit*-myndanna og myndanna um hrúttinn Hrein, eða Shaun the Sheep eins og hann heitir á ensku. Þessi mynd er væntanleg í bíó í febrúar.



Þá er væntanleg ný mynd um garðalfana sem á ensku nefnist *Sherlock Gnomes* og er gerð af sömu aðilum og gerðu *Kung Fu Panda*-myndirnar. Þessi mynd lofar ákaflega góðu og er hún væntanleg í kvikmyndahúsin í maí.



Að lokum viljum við nefna myndina *Önd, önd, gæs*, eða *Duck Duck Goose* sem væntanleg er í bíó í byrjun apríl. Stíklan úr þeirri mynd er mjög skemmtileg og fyndin en sagan er um gæs sem í staðinn fyrir að fljúga suður á bóginn til vetursetu neyðist til að vera heima og sjá um tvo litla andarunga sem reynast hálfgerðir óþekktarormar þegar á reynir.

Þessar myndir sem við höfum nefnt hér að framan eru auðvitað bara hluti þeirra teiknuðu og handgerðu mynda sem væntanlegar eru á árinu 2018 en umfjöllun um allar hinar biður næstu blaða.



Fyrsta mynd Bradleys Cooper sem leikstjóra er væntanleg í bíó í maí og heitir *A Star is Born*. Hún er eins og nafnið bendir til byggð á samnefndri mynd frá árinu 1937 sem naut gríðarlegra vinsælda á sínum tíma og sagði frá ungrri konu sem kemur til Hollywood að freista gæfunnar. En leiðin á toppinn

reynist ekki eins greið og hún var að vona og sá eini sem vill hjálpa henni er sjálfur útbrunninn leikari og alkóhólisti sem virðist í fyrstu ekki líklegur til afreka fyrir hennar hönd. Eins og þeir vita sem þekkja til eldri mynda hefur þessi tiltekna saga nokkrum sinnum verið kvikmynduð og eru þekktustu útgáfunar frá 1954 með Judy Garland og James Mason í aðalhlutverkum og svo frá árinu 1973 þar sem Barbra Streisand og Kris Kristofferson fóru með aðalhlutverkin. Í nýju myndinni eru það þau Bradley Cooper sjálfur og Bonnie Somerville sem fara með þessi hlutverk og verður gaman að sjá útkomuna, en sagan er einstaklega góð og vonandi hefur Bradley tekist vel upp með gerð þessarar myndar.



Robert Zemeckis, sem slær vart feilnótu í kvikmyndagerð, er nú að leikstýra sinni næstu mynd en hún heitir *The Women of Marwen* og er fantasía sem sækir innblásturinn í sannsögulega atburði. Aðalpersónan er listamaðurinn og ljósmyndarinn Mark Hogancamp sem lenti í því í apríl árið 2000 að fimm menn réðust á hann og börðu hann nánast til ólífis. Mark lifði þó af og eftir að hafa verið í dái í níu daga vaknaði hann á sjúkrahúsi gjörsamlega minnislaus. Í ljós kom að hann hafði orðið fyrir heilaskemmdum og eftir að hafa verið á sjúkrahúsi í 40 daga í viðbót þurfti hann að byggja líf sitt frá grunni. Til þess greip hann til óvenjulegra ráða sem áttu eftir að vekja mikla athygli en um þau gerði kvikmyndagerðarmaðurinn Jeff Malmberg heimildarmyndina *Marwencol* árið 2010. Sú mynd hlaut fjölmörg verðlaun og er á meðal bestu heimildarmynda þess árs. Með aðalhlutverkið í mynd Roberts, hlutverk Marks Hogancamp, fer Steve Carell og í öðrum stórum hlutverkum eru Diane Kruger, Eiza González, Gwendoline Christie, Leslie Mann og Matt O'Leary, auk eiginkonu Roberts, Leslie Zemeckis. Myndina á að frumsýna í nóvember á næsta ári og það má alveg reikna með að hún eigi eftir að verða ein af myndnum ársins 2018. Þeir sem vilja kynna sér söguna betur ættu að kíkja á áður nefnda heimildarmynd.

KFC®

**10 ORIGINAL
KJÚKLINGALEGGIR**

Njóttu
Í DESEMBER



**OFURSTINN ER KOMINN TIL BYGGÐA MEÐ FÖTU
FULLA AF GÓMSÆTUM KJÚKLINGALEGGJUM**

2.490 kr.



Er komið að því?

Orðrómurinn um að Gary Oldman muni hljóta Óskarsverðlaunin á næsta ári fyrir túlkun sína á Winston Churchill í myndinni *The Darkest Hour* hefur verið ákaflega sterkur á síðustu mánuðum og víst er að mörgum þykir tími kominn til að þessi frábæri leikari, sem á 35 ára leikafmæli á þessu ári, hljóti loksins þessi eftirsóttu verðlaun.

Ljóst er þó að við ramman reip er að draga enda er Gary auðvitað ekki sá eini sem þótt hefur skara svo fram úr á árinu að hann eigi skilið Óskarsverðlaunatilnefningu. Það má þó telja nokkuð öruggt að hann verði tilnefndur og yrði það þá í annað sinn sem það gerist en hann var tilnefndur árið 2012 fyrir leik sinn í myndinni *Tinker Tailor Soldier Spy*. Það ár kom Óskarinn hins vegar í hlut hins franska Jeans Dujardin fyrir leik hans í myndinni *The Artist* sem einnig hlaut Óskarinn sem besta mynd ársins.

Þess má geta að þeir níu leikarar sem þykja líklegastir til að keppa við Gary um tilnefningu til Óskars á næsta ári eru þegar þetta er skrifað, 26. nóvember, þeir Daniel Day-Lewis fyrir myndina *Phantom Thread*, James Franco fyrir *The Disaster Artist*, Tom Hanks fyrir *The Post*, Andrew Garfield fyrir myndina *Breathe*, Jake Gyllenhaal fyrir *Stranger*, Steve Carell fyrir *Last Flag Flying*, Timothée Chalamet fyrir *Call Me By Your Name*, Christian Bale fyrir *Hostiles* og Hugh Jackman fyrir *The Greatest Showman*.

The Darkest Hour verður frumsýnd á Íslandi 19. janúar.



Atriði úr *The Darkest Hour* þar sem Gary Oldman leikur breska forsætisráðherrann Winston Churchill.



Ránið á John Paul Getty III

Þetta eru þau Michelle Williams og Mark Wahlberg í einu atriði nýjstu myndar Ridley's Scott, *All the Money in the World*, sem verður almennt frumsýnd í janúar en í Bandaríkjunum fyrir áramótin svo hún geti verið með í keppninni um Óskarinn 2018.

Myndin er byggð á bók Johns Pearson um eitt frægasta mannránsmál sögunnar þegar John Paul Getty III, sonarsyni ríkasta manns heims á þeim tíma, Jeans Paul Getty, var rænt aðfaranótt 10. júlí 1973 á Ítalíu. Fljótlega kom í ljós að mannræningjarnir kröfðust 17 milljón dollara í lausnargjald ella yrði John, sem var 16 ára, tekinn af lífi. Málið vakti alveg gríðarlega athygli á sínum tíma og töldu margir að John III hefði sjálfur sett mannránið á svið til að kúga fé út úr fjölskyldunni og þá sérstaklega hinum auðuga afa sínum sem var sá eini í henni sem átti í raun 17 milljón dollara. Sá neitaði hins vegar að borga á þeim forsendum að hann ætti 16 barnabörn og ef hann greiddi myndi þeim öllum verða rænt fyrir eða síðar með sömu afleiðingum. Málið var því í pattstöðu í nokkra daga, allt þar til afskorið eyra Johns III barst í pósti. Við kynnum þessa mynd betur í næsta blaði en bendum áhugasömum að kíkja á stíkluna, en hún er alveg frábær.



Leitin að pabba

Gamanmyndin *Father Figures* verður frumsýnd fyrstu helgina á nýja árinu 2018 en hún hringir áreiðanlega bjöllum hjá mörgum lesendum blaðsins enda höfum við skrifað um hana áður þar sem upphaflega stóð til að frumsýna hana fyrir ári síðan og var heiti hennar þá *Bastards*. Af ástæðum sem okkur eru ekki kunnar var þó ákveðið að fresta frumsýningu hennar fram á haustið 2017 og síðan aftur til 5. janúar 2018 og hlaut myndin þá um leið hið nýja heiti.

Father Figures segir tvíburunum Kyle og Peter sem eru í brúðkaupi móður sinnar þegar hún ljóstrar því upp að hún hafi alla tíð logið því að þeim að faðir þeirra væri dáinn. Í raun hafi hún ekki hugmynd um hver hann var og að hann gæti þess vegna enn verið á lífi.

Þeim Kyle og Peter bregður mikið við þessar fréttir og í þeirra huga kemur ekkert annað til greina en að halda í leiðangur og finna pabba sinn. Með gamla ljósmynd af móður þeirra í farteskinu og óljósa staðsetningu hennar þegar þeir komu undir leggja þeir í hann en komast brátt að því að leitin reynist mun flóknari en þeir voru að vona enda virðist móðir þeirra hafa þekkt marga og víða komið við.

Með hlutverk bræðranna fara þeir Owen Wilson og Ed Helms en í öðrum stórum hlutverkum eru þau Glenn Close sem leikur móður þeirra, Christopher Walken, Ving Rhames, J.K. Simmons, June Squibb, Katie Aselton, Katt Williams, Ryan Cartwright og fyrrverandi íþróttastjarnan í bandaríska fótboltnum, Terry Bradshaw, sem leikur sjálfan sig.


Þess má geta að gerð var ný stikla úr myndinni og er áhugasömum bent á að kíkja á hana enda er hún mjög skemmtileg og gefur góða von um gott grín og góða mynd.



ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólgueyðandi og **verkjastillandi**
munnsogstafla við særindum í hálsi



HUNANGS
OG SÍTRÓNU-
BRAGÐ

16 sugetabletter

16 sugetabletter

16 sugetabletter

APPELSÍNU-
BRAGÐ
SYKURLAUST




Sukkerfri

16 sugetabletter

16 sugetabletter

16 sugetabletter

Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rólega og láta leysast upp í munn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólahring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólahringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leitið til læknis eða lyfjafraeðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Kostirnir við að minnka sig

Þrír af aðalleikurum myndarinnar *Downsizing* stilla sér hér upp til myndatöku á kvikmyndahátíðinni í Toronto, en þetta eru eins og sjá má þeir Matt Damon, sem fer með stærsta hlutverkið, og Christoph Waltz, og á milli þeirra er tælenska leikkonan Hong Chau sem fer með annað af tveimur stærstu kvenhlutverkunum ásamt Kristen Wiig.

Downsizing er eftir tvöfalda Óskarsverðlaunahafann Alexander Payne sem hlaut verðlaunin fyrir myndir sínar *The Descendants* og *Sideways* og á einnig að baki snilldarmyndirnar *About Schmidt* og *Nebraska*.

Sem fyrr skrifar Alexander söguna og handritið sjálfur en myndin segir frá samfélagi framtíðarinnar þar sem mannfólkinu er gefinn kostur á því að láta minnka sig niður í tíu prósent stærð frá því sem nú er. Helsti samfélagskosturinn við þetta er að þannig má sporna gegn mannfölguninni því 10% fólk tekur að sjálfsögðu bara 10% pláss og fyrir einstaklingana sjálfa er 10% líf auðvitað miklu ódýrara, t.d. húsin, maturinn, orkan, efnið og fleira sem fólk í fullri stærð þarf að nota í meira mæli. Matt Damon leikur einn þeirra sem fellur fyrir hugmyndinni og lætur minnka sig en að sjálfsögðu á eftir að koma í ljós að minnkuninni fylgja líka nokkrir ókostir. Myndin þykir í senn ákaflega myndin og skörp samfélagsádeila en hún verður frumsýnd aðra helgina í janúar, nánar tiltekið þann tólfta.



Hver er morðinginn?

Bandaríska leikkonan Frances McDormand fær hér koss á hvora kinn frá tveimur af helstu mótleikurum sínum í myndinni *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri*, þeim Woody Harrelson og Sam Rockwell, þar sem þau voru viðstödd frumsýninguna á kvikmyndahátíðinni í London á dögnum. Myndin, sem er eftir enska leikstjóran Martin McDonagh (*In Bruges*, *Seven Psychopaths*), hefur hlotið frábæra dóma og er þegar komin á lista margra gagnrýnenda sem ein af tíu bestu myndum ársins 2017 á enskri tungu. Hún hefur enn fremur hlotið fjölmörg verðlaun og þykir nú afar líkleg til að hljóta a.m.k. fimm tilnefningar til Óskarsverðlauna, Frances fyrir aðalhlutverk kvenna, Sam fyrir aukahlutverk karla, Martin fyrir leikstjórn og handrit og svo myndin sjálf sem besta mynd ársins.

Three Billboards Outside Ebbing, Missouri verður frumsýnd hér á landi í janúar en hún segir frá konu að nafni Mildred sem býr í smábænum Ebbing og grípur til sinna ráða þegar henni finnst lögreglustjórnin og menn hans slá slóku við í rannsókninni á morði dóttur hennar sem var myrt fyrir sjö mánuðum. Myndin er því að grunni til saka-málasaga og morðgáta en um leið svört kómedía og með helstu hlutverk önnur í henni fara þau Abbie Cornish, Lucas Hedges, Caleb Landry Jones, Peter Dinklage og John Hawkes. Skoðið endilega frábærar stiklurnar.



Gátan leyst

Það biða sjálfsagt margir eftir síðustu myndinni í *The Maze Runner*-þríleiknum en eins og kunnugt er slasaðist aðalleikarinn Dylan O'Brien við tökur á henni í mars 2016 með þeim afleiðingum að fresta þurfti tökum um nokkra mánuði á meðan hann jafnaði sig. Ofan á það þurfti hann svo einnig að sinna öðrum verkefnum sem hann hafði skuldbundið sig í og því fór svo að upphafleg frumsýningarátætlun tafðist í heilt ár. En allt er gott sem endar vel og verður myndin, sem ber undirtitilinn *The Death Cure*, frumsýnd 26. janúar. Í henni eru liðin rúmlega þrjú ár frá því að Thomas og félagar hans festust upphaflega í hinu dularfulla völundarhúsi og nú er komið að því að leysa gátuna í eitt skipti fyrir öll.



Þau Sam Rockwell og Frances McDormand verða mjög líklega bæði tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri*.

emmessis

JÓLAÍÐ & HÁTÍÐARÍÐ

Fáðu þér ekta rjómaís
frá Emmessis á jólunum



- EKTA -
ÍSLENSKUR
Rjómaís



Paddington snýr aftur

Bíómyndin um bangsann Paddington sem var frumsýnd í janúar 2015 sló í gegn enda verulega góð mynd í alla staði, vel gerð, vel leikin og mjög myndin. Ákveðið var að gera aðra mynd um ævintýri hans og er skemmst frá því að segja að hún hefur hlotið frábæra dóma allra gagnrýnenda og þykir jafnvel enn betri en sú fyrri.

Eins og þeir vita sem sáu fyrri myndina sagði hún frá því þegar Paddington kom fyrst til Englands og kynntist Brown-fjölskyldunni og nýju vininum sínum og þurfti auk þess að læra bæði nýja síði og venja sig á gjörbreyttar aðstæður frá því sem áður var – og að sjálfsgöðu að takast á við undrun allra yfir því að til væri talandi bangsi.

Í nýju myndinni er Paddington hins vegar búinn að koma sér vel fyrir og er orðinn virtur þegn í samfélagi manna. Þegar hann fær hugmynd að góðri gjöf fyrir frænku sína sem er að verða 100 ára þarf hann að finna leið til að afla fjár svo hann eigi fyrir henni. Það gengur upp og ofan en þegar gjöfinni verðmætu er stolið úr versluninni sem hún var til sölu í vandast málið verulega því lögreglan heldur að Paddington sé sá seki. Það er hann auðvitað ekki og við tekur skondin atburðarás þar sem hvert kostlegt ævintýrið rekur annað. Myndin verður frumsýnd 12. janúar.



Brown-fjölskyldan sem Paddington varð hluti af í fyrri myndinni er að sjálfsgöðu til staðar í þeirri nýju auk fjölmargra annarra persóna, bæði nýrra og gamalla, sem eru túlkaðar af nokkrum af kunnustu og vinsælustu leikurum Breta.



Sönn saga tólf hermanna


Kvikmyndin *12 Strong* er væntanleg í bíó síðustu helgina í janúar en hún er eftir leikstjóran Nicolai Fuglsig, framleidd af Jerry Bruckheimer og byggð á bók bandaríska blaðamannsins og rithöfundarins Dougs Stanton, *Horse Soldiers*, sem kom út árið 2009 og sat á metsölulista New York Times um margra vikna skeið. Hér er sögð sönn saga fyrstu hermannaasveitarinnar sem send var til Afganistan eftir árásina á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 en hún var aðeins skipuð tólf mönnum og fólst verkefni hennar í að aðstoða afganska vinasveit Bandaríkjanna, undir stjórn herforingjans Abduls Rashid Dostum, í baráttunni við talíbana í norðanverðu landinu. Ljóst var frá upphafi að þessi fór yrði hættulegri en flestar aðrar enda voru talíbanarnir bæði fjölmennari en sveitir Abduls og, ólíkt bandarísku sveitinni, á heimavelli.

Með aðahlutverkin í *12 Strong* fara þeir Chris Hemsworth, Michael Shannon, Michael Peña, Navid Negahban, Trevante Rhodes, William Fichtner og Rob Riggle auk Elsu Pataky sem leikur eiginkonu persónunnar sem Chris Hemsworth leikur en þau tvö eru hjón í raunveruleikanum og er þetta í fyrsta sinn sem þau leika saman í mynd. Fyrsta stiklan úr myndinni lofar vægast sagt góðu og við kynnum hana auðvitað nánar í næsta blaði.

Bíræfin bankarán

Den of Thieves heitir fyrsta mynd leikstjórans Christians Gudegast en hann hefur getið sér gott orð fyrir handritsgerð og skrifaði m.a. handrit myndanna *A Man Apart* og *London Has Fallen*. Myndin verður frumsýnd í kvikmyndahúsum í janúar og býður upp á hörkuhasar, bílaeltingarleiki og marga byssubardaga.

Sagan er um bíræfið gengi nokkurra bankaræningja sem hefur gert mikinn usla í Kaliforníu með þaulskipulögðum ránum og komist undan með milljónir dollara. Nú er gengið að skipuleggja rán í banka sem ómögulegt á að vera að ræna, en þar eru geymdar stjarnfræðilegar fjárhæðir í beinhörðum peningum. Á sama tíma hafa yfirvöld kallað til helsta sérfræðing landsins í upprætingu svona gengja, sérveitarmanninn Nick Flanagan sem Gerard Butler leikur, og framundan er æsileg barátta sem á eftir að fara öðruvísi en flestir halda. Kíkið á nánari kynningu á þessari mynd í næsta blaði og skoðið hörkugóða stikluna sem er komin á netið.



Gerard Butler leikur sérveitarmanninn Nick Flanagan sem er sérfræðingur í að uppræta alls kyns glæpagengi.



Gledileg
GRÆJÚJÓL



Við höfum góða reynslu af jólnum



Meryl Streep, Steven Spielberg og Tom Hanks ræða hér saman við gerð myndarinnar *The Post* sem verður frumsýnd á Íslandi 19. janúar, en henni er spáð mjög góðu gengi.

Öryggi landsins eða almannahagsmunir?



Það má telja nokkuð ótrúlegt að þau Tom Hanks og Meryl Streep skuli aldrei hafa leikið saman í mynd áður enda hafa þau bæði verið á meðal fremstu og vinsælustu leikara Bandaríkjanna um áratugaskeið, Meryl allt frá því hún sló í gegn árið 1978 í *The Deer Hunter* og Tom síðan hann sló í gegn í *Splash* árið 1984. Á þessu hefur nú orðið breyting því þau leika aðalhlutverkin í nýjustu mynd Stevens Spielberg, *The Post*, sem fer í takmarkaða dreifingu í Bandaríkjunum fyrir áramót svo hún verði gjaldgeng til Óskarsverðlauna en í almenna dreifingu 19. janúar. Myndinni hefur verið spáð góðu gengi í kvikmyndahúsum sem og á verðlaunahátíðum og þau Meryl og Tom eru bæði ofarlega á lista yfir þá leikara sem líklegastir þykja til að fá tilnefningu til Óskarsverðlauna en þau verða að þessu sinni afhent sunnudaginn 4. mars.

The Post er sannsöguleg mynd sem gerist að mestu árið 1971 en á fyrri hluta þess árs komust blaðamenn á dagblöðunum *The Washington Post* og *The New York Times* yfir ríkistrúnaðarskjöl sem allar götur síðan hafa verið kölluð „*The Pentagon Papers*“. Gögnin innihéldu m.a. viðamiklar upplýsingar um afskipti Bandaríkjustjórnar af innanríkismálefnum Víetnam, bæði pólitískum og hernaðarlegum, allt frá árinu 1945 og átti þessi gagnaleki eftir að valda gríðarlegum skjálfta í æðsta stjórnkerfi Bandaríkjanna.

The New York Times reið á vaðið með birtingu upplýsinga úr þessum gögnum og *The Washington Post*, sem var á þessum tíma undir ritstjórn Brads Bradlee, fylgdi í kjölfarið. Ríkisstjórnin brást við með því að krefjast lögbanns á birtingu frekari upplýsinga úr skjölunum eða hún myndi að öðrum kosti lögsgækja bæði ritstjóra og eigendur blaðanna með öllum ráðum, jafnvel fyrir landráð. Við tók gríðarleg barátta, annars vegar blaðanna sem töldu sig hafa rétt á að birta þessar upplýsingar vegna hagsmuna almennings og prentfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar og hins vegar ríkisstjórnar Nixons og lögfræðingateymis hennar sem eins og áður hótaði því fullum fetum að ákæra þá sem birtu upplýsingarnar fyrir landráð. Slík ákæra, hefðu dómara síðan tekið undir réttmæti hennar, hefði ekki bara gert út af við blöðin heldur komið bæði ritstjórum, blaðamönnum og eigendum blaðanna í margra ára fangelsi, jafnvel til áratuga.


Tom Hanks leikur Brad Bradlee í myndinni, en hann var harður stuðningsmaður þess að *Washington Post* birti upplýsingarnar þrátt fyrir hótanir ríkisstjórnarinnar. Þá ákvörðun gat hann samt ekki tekið án samþykkis eigendanna, en fyrir þeim fór Katharine Meyer Graham, alltaf kölluð Kay Graham, sem Meryl Streep leikur í myndinni. Kay var auðvitað á milli steins og sleggju í málinu því þótt hún vildi í sjálfu sér fylgja ritstjóra blaðsins að málum og láta hann taka ákvörðunina um birtingu upplýsinganna þá var *Washington Post* fjölskyldufyrirtæki og hún átti að sjálfsgöðu í erfiðleikum með þá ákvörðun að leggja það undir. En lokaákvörðunin var samt hennar og hana varð að taka, af eða á.

Þess má geta að Kay Graham fór fyrir eigendahópi *The Washington Post* í tvo áratugi og var einnig við stjórnvölinn þegar blaðamennirnir Bob Woodward og Carl Bernstein komust á snoðir um þau mál sem leiddu til Watergate-hneykslisins, en það felldi Richard Nixon af forsetastóli þremur árum eftir atburðina sem greint er frá í *The Post*. Það má því segja að það sem gerist í *The Post* setji Watergate-málið að vissu leyti í víðara samhengi.



Með lífið að veði

Nýjasta mynd spennumyndaleikstjórans Jaumes Collet-Serra verður frumsýnd 19. janúar efað líkum lætur og eftir að hafa gert hákarlatryllinn *The Shallows* með Blake Lively í aðalhlutverki hefur hann nú á ný fengið Liam Neeson til liðs við sig, en Liam lék eins og flestir vita í myndum hans *Run All Night*, *Non-Stop* og *Unknown*. Í aðalkvenhlutverkinu er *Vera Farmiga*, en hún er líka gömul samstarfskona Jaumes eftir að hafa leikið aðalhlutverkið í mynd hans *Orphan* árið 2009.



Nýja myndin nefnist *The Commuter* og segir frá manni einum, Michael McCauley, sem í tíu ár hefur ferðast með sömu lestinni í vinnuna og aftur til baka og er því öllu vanur hvað þær lestarferðir snertir, eða það heldur hann.

Einn daginn í lestinni sest hjá honum kona sem kynnir sig sem Joönnu. Þau taka tal saman og í ljós kemur að Joanna settist ekki hjá honum af tilviljun heldur vill hún að hann leysi ákveðið verkefni fyrir sig sem snertir einn af farþegum lestarinnar. Verkefnið er hins vegar nokkuð óljóst, en eftir því sem Michael kemst næst þarf hann að finna einhvern farþega í lestinni „sem á ekki heima þar“.

Í fyrstu hafnar Michael að íhuga þetta „verkefni“ eitthvað frekar en þegar honum býðst sjötíu og fimm þúsund dollara greiðsla í seðlum renna á hann tvær grímur. Hann stingur peningunum á sig og er þar með orðinn skuldbundinn til að leysa verkefnið – sem að sjálfsgöðu á eftir að reynast lífshættulegt, ekki bara fyrir hann heldur einnig alla fjölskyldu hans. En um hvað snýst það eiginlega?

Íslenskar myndir í janúar

Ef allar áætlanir ganga upp þá gæti verið von á þremur nýjum íslenskum myndum í kvikmyndahúsin í janúar.

Fyrsta skal telja myndina *Svaninn* eftir Ásu Hjörleifsdóttur, en hún er byggð á samnefndri bók Guðbergs Bergssonar sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 1991.

Í öðru lagi er það myndin *Andið eðlilega* eftir Ísold Ugga-dóttur, en hún segir frá hælisleitanda frá Úganda á leið til Kanada sem millilendir í Leifstöð en lendir í hremmingum þegar hann er kyrrsettur þar vegna ófullnægjandi skilríkja.

Þriðja myndin er svo eftir Ara Alexander Ergis Magnússon, *Mihkel*, en um hana höfum við áður skrifað. Sú mynd byggist á líkfundarmálinu svokallaða, eða öllu heldur sækir innblásturinn í það, en það mál komst í hárnæli eftir að lík manns fannst í höfninni í Neskaupstað, vafið í plastpoka og auðsjáanlega komið þar fyrir af einhverjum.

Við kynnum að sjálfsgöðu allar þessar myndir betur í næsta blaði ef áætlanir um frumsýningardaga ganga eftir en nú er bara að fletta áfram og kynna sér þær myndir sem kvikmyndahúsin bjóða upp á í desember ...



RÚDOLF

J Ó L A B O R G A R I N N



Rúdolf jólaborgarinn er ómótstæðilegur hreindýraborgari af Héraði, blandaður apríkósum og gráðaosti. Hann er borinn fram með sultuðu kanilrauðkáli, dúnmjúku Brioche brauði, Fabrikkusósu og rjómaeplasalati til hliðar.



Fleiri pabbar – enn meiri vandræði

Jólin eru á næsta leyti og þeir Dusty og Brad hafa náð sáttum eftir að hafa eldað saman grátt silfur í fyrri myndinni, auk þess sem Dusty er í raun kominn í stöðu Brads eftir að hafa kvænst Karen sem á dóttur með fyrrverandi eiginmanni sínum, Roger. Nú hlakka þeir bjartsýnir til jólanna en sú bjartsýni fer fyrir lítið þegar feður þeirra koma í heimsókn og Roger snýr aftur heim!

Það muna sjálfsagt flestir sem fylgjast með bíómyndum eftir gamanmyndinni *Daddy's Home* sem var frumsýnd í janúar 2016 og gerði það gott. Þegar upp var staðið hafði hún rakað saman um 247 milljón dollurum og það varð strax ljóst að gert yrði framhald. Hér er það svo komið og verður frumsýnt þann 1. desember. Leikstjóri og handritshöfundur er sá sami ásamt velflestum leikurum, en á meðal nýrra leikara eru Mel Gibson og John Lithgow sem leika feður Dustys og Brads, Kurt og Don, og John Cena sem leikur Roger.

Það ætti ekki að koma neinum á óvart að þeir Kurt og Don eru gerólíkir að upplagi, rétt eins og synir þeirra, og í hönd fer jólahátíð sem að sjálfsögðu á eftir að fara úr böndunum á ýmsan spaugilegan hátt, ungiðinu í myndinni og áhorfendum til mikillar skemmtunar.



Mark Wahlberg og Will Ferrell leika sem fyrr þá Dusty og Brad og ...

Daddy's Home 2

Gamanmynd



Aðalhlutverk: Will Ferrell, Mark Wahlberg, Mel Gibson, John Lithgow, Linda Cardellini, Alessandra Ambrosio og John Cena **Leikstjórn:** Sean Anders **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Smárabíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumssýnd 1. desember



... feðurnir Kurt og Don eru leiknir af Mel Gibson og John Lithgow.

Veistu svarið?

John Lithgow á langan og farsælan leikferil að baki, en hann hefur tvisvar verið tilnefndur til Óskarsverðlauna, fyrir leik í myndinni *Terms of Endearment* og fyrir leik á móti Robin Williams árið 1984 í frægri mynd sem George Roy Hill leikstýrði. Hvaða mynd?



The World According to Garp

Punktur

• Leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar er Sean Anders sem fyrir utan fyrri *Daddy's Home*-myndina á að baki myndirnar *Never Been Thawed*, *Sex Drive*, *That's My Boy* og *Horrible Bosses 2*. Þess utan skrifaði hann handritin að myndunum *Hot Tub Time Machine*, *Mr. Popper's Penguins*, *We're the Millers* og *Dumb and Dumber To*.



Aðalleikhöpurinn saman kominn þegar myndin var forsýnd í Bandaríkjunum en þetta eru þau Mel Gibson, Alessandra Ambrosio, Mark Wahlberg, Linda Cardellini, Will Ferrell, John Lithgow og John Cena ásamt krökkunum Scarlett Estevez, Owen Vaccaro og Didi Costine.

Jólagjöfin í ár



50 GB
fylgja með
snjallsímum

Flottur kaupauki með Galaxy S8 og S8+


Bættu 5.000 kr. við kaupin og fáðu
Harman/Kardon Go Play hátalara eða
Samsung Gear Fit 2 Pro heilsuúr.

Kíktu á úrvalið í næstu verslun
eða á vodafone.is

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**



Jigsaw

Tryllir / Ráðgáta



Aðalhlutverk: Callum Keith Rennie, Clé Bennett, Matt Passmore, Hannah Emily Anderson, Tobin Bell, Laura Vandervoort, Mandela Van Peebles, Jesse Plemons og Paul Braunstein **Leikstjórn:** Michael og Peter Spierig **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó, Sambíóíð Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 1. desember



Pau Ryan, Mitch og Anna eru hluti af þeim hóp í myndinni sem lendir í dauðagildru hins óþekktu morðingja. Lifa þau af?

Veistu svarið?

Tobin Bell, sem leikur hér á ný morðingjann John Kramer, hóf leikferilinn með leik í heimsfrægum myndum leikstjóranna Sydneys Pollack, Sidneys Lumet og Alans J. Pakula sem allar voru tilnefndar til fimm Óskarsverðlauna árið 1983. Hvaða myndum?



Tootsie, The Verdict og Sophie's Choice.

Sannleikurinn verður ekki grafinn

Ráðgátan um Jigsaw-morðingjann svokallaða og ástæðurnar fyrir morðæði hans var ráðin fyrir nokkrum árum þegar í ljós kom hver hann var í raun og veru og hvað vakti fyrir honum. En var morðsagan þar með öll sögð eða býr hér meira að baki?

Jigsaw er sjálfstætt framhald af Saw-seríunni sem hrollvekjumeistarinn James Wan hleypti af stokkunum árið 2004. Hún segir frá því þegar rannsókn lögreglu á nokkrum óhugnanlegum morðum leiðir í ljós að allar aðstæður og aðferðir sem morðinginn hefur notað til að murka lífið úr fórnarlömbunum benda ótvírætt til að þar sé á ferðinni enginn annar en John Kramer, öðru nafni Jigsaw, sem gerði lögreglunni lífið leitt fyrir á árum með hefndarmorðum sínum.

Vandamálið við þessa kenningu er að John er búinn að vera undir grænni torfu í tíu ár þannig að annað hvort er hann risinn upp frá dauðum eða morðinginn, hver sem hann er, gjörþekkir aðferðir hans svo vel að hann hlýtur að hafa haft aðgang að öllum smáatriðum í rannsóknargögnum lögreglunnar á sínum tíma – nú, eða að hann hafi hreint og beint þekkt Jigsaw og aðferðir hans betur en nokkur annar og vilji nú halda áfram með áætlun hans ...



Callum Keith Rennie og Clé Bennett leika rannsóknarlögreglumennina Halloran og Keith sem glíma við að ráða gátuna áður en fleiri láta lífið.

Punktur

- Leikstjórar myndarinnar eru þýsku bræðurnir Peter og Michael Spierig, en þeir hafa vakið mikla athygli á undanförunum árum fyrir góð og fersk tök sín á spennumyndaförminu og eiga m.a. að baki myndirnar *Daybreakers* frá árinu 2009 og *Predestination* sem var frumsýnd 2014. Þessar myndir fóru ekki mjög hátt en fengu afar góða dóma, sérstaklega sú síðarnefnda sem margir telja reyndar eina bestu og frumlegustu vísindaskáldsögu ársins 2014.

- Þótt sagan í *Jigsaw* gerist tíu árum eftir að John Kramer dó er að finna í henni afturhvarf til fortíðarinnar sem kemur á óvart!



PS4 Pro

4K
HDR


DYNAMIC
4K GAMING

SPILAÐU GRAN TURISMO® SPORT Í DYNAMIC 4K á PS4™ Pro



GT
GRAN TURISMO®
THE REAL DRIVING SIMULATOR
SPORT

*PS4™ Pro can upscale any title to 4K quality resolution (resolution at or above 1800p) if the title doesn't utilise another option such as graphic rendering or Native 4K output (i.e. output at 2160p) to achieve 4K game resolution. Compatible 4K TV required. Support varies by game title. HDR not supported by all games. HDR not currently supported by entertainment streaming services.



I, Tonya

Sannögulegt



Aðalhlutverk: Margot Robbie, Sebastian Stan, Allison Janney, Bojana Novakovic, Caitlin Carver, Mckenna Grace, Julianne Nicholson, Paul Walter Hauser og Bobby Cannavale **Leikstjórn:** Craig Gillespie **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó, Sambíóíð Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 8. desember



Sebastian Stan leikur fyrrverandi eiginmann Tonyu, en hann átti hvað stærstan þátt í árásinni sem gerð var á Nancy Kerrigan.

Veistu svarið?

Tonya Harding sjálf á sinn þátt í myndinni en hún veitti bæði Margot Robbie og leikstjóranum Craig Gillespie upplýsingar og góð ráð við gerð hennar og var ánægð með útkomuna. En fyrir hvaða skautatæknilega afrek varð Tonya heimsfræg árið 1991?



Hún varð fyrsta konan til að framkvæma stök með þreföldum snúningi, svokallað „Triple Axel“-stök.


Hneykslið sem skók íþrótt heiminn

Kvikmyndin *I, Tonya*, sem margir hafa þegar tilnefnt sem eina af bestu myndum ársins 2017, segir frá þeim fræga atburði þegar ráðist var á bandarísku listskautadrottninguna Nancy Kerrigan í ársbyrjun 1994 og tilraun gerð til að fótbrjóta hana.

I, Tonya, sem er eftir leikstjóranum Craig Gillespie (*Lars and the Real Girl*, *Million Dollar Arm*, *The Finest Hours*) og gerð eftir handriti Stevens Rogers (*Stepmom*, *Kate & Leopold*, *P.S. I Love You*), var fumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Toronto þar sem hún hlaut frábæra dóma. Þótt myndin sé sannsöguleg er hún um leið svört kómedía þar sem leikhópurinn, með þeim Margot Robbie, Sebastian Stan og Allison Janney í broddi fylkingar, þykir fara á algjörum kostum.

Rannsókn lögreglunnar á árásinni á Nancy Kerrigan leiddi fljótlega í ljós að þar hafði verið að verki maður að nafni Shane Stant og hafði hann verið ráðinn til þess af lífverði og fyrrverandi eiginmanni helsta keppinautar Nancyar, Tonyu Harding, þeim Shawn Eckhardt og Jeff Gillooly. Með árásinni vildu þeir tryggja að Nancy heltist úr leik í samkeppninni um ólympíusæti í liði Bandaríkjanna sem keppa átti á Vetrarólympíuleikunum í Lillehammer í febrúar þetta sama ár.

Sjálf harðneitaði Tonya að hafa komið nálægt árásinni eða vitað hvað til stæði og svo fór að þær Nancy kepptu báðar á Ólympíuleikunum enda var Nancy fljót að jafna sig. En málinu var langt frá því að vera lokið og uppákomurnar sem fylgdu urðu kostulegar ...



Margot Robbie leikur titilhlutverkið í *I, Tonya*, skautadrottninguna Tonyu Harding, og er spáð tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir vikið. Þess má geta að hún leikur sjálf í öllum skautaatríðum myndarinnar.

Punktur

• Fyrir utan að fjalla um árásina á Nancy Kerrigan fá áhorfendur einnig innsýn í líf Tonyu Harding allt frá æsku þegar hún var rekin áfram af harðsvíraðri móður sinni, LaVonu Golden, sem Allison Janney túlkar af snilld. *I, Tonya* er mynd sem ekkert kvikmyndaáhugafólk ætti að láta fram hjá sér fara, enda frábær bíóupplifun.




Allison Janney er eins og Margot Robbie spáð tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aukahlutverki kvenna, en hún leikur móður Tonyu, hina grimmúðlegu LaVonu Golden.

Sterkasti björn í heimi

Sögurnar um Bangsa, sterkasta björn í heimi, eru eftir sænska rithöfundinn og teiknarann Rune Andréasson og hafa notið mikilla vinsælda barna um árabil, bæði sem teiknimyndablöð og sem sjónvarpsþættir allt frá 1973. *Bangsi og dóttir nornarinnar* er önnur bíómyndin sem gerð er um ævintýri hans og er hún fyrst og fremst ætluð yngsta aldurshóp áhorfenda.

Bangsi er svona sterkur vegna þess að hann borðar stundum þrumuhunang sem amma hans útbýr handa honum. Það kemur sér vel þegar hann lendir í glímu við hinn gráðuga Krösus Sork sem í þetta sinn hefur komist á snoðir um gull undir stíflu nokkurri og til að klófesta það þarf hann að sprengja stífluna með vondum afleiðingum fyrir hin dýrin í skóginum. Bangsi er sá eini sem getur stöðvað hann og því bregður Krösus á það ráð að fá dóttur nornar nokkurrar í lið með sér til að plata Bangsa í burtu á meðan hann nær í gullið. Þessa áætlun verður að stöðva og spurningin er hvort Bangsi átti sig í tæka tíð á blekkingunni sem hann er beittur ...



Bangsi og dóttir nornarinnar

Teiknimynd

L 65 min

Íslensk talsetning: Rúnar Freyr Gíslason, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Örn Árnason, Laddi, Steinn Ármann Magnússon, Viktor Már Bjarnason, Íris Tanja Flygenring, Albert Halldórsson, Hálf dán Matthíasson o.fl. **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 8. desember





Star Wars: The Last Jedi

Ævintýri

Aldurstakmark ekki fyrirleggjandi fyrir prentun

137 min

Aðalhlutverk: Daisy Ridley, John Boyega, Mark Hamill, Adam Driver, Oscar Isaac, Domhnall Gleeson, Andy Serkis, Carrie Fisher, Kelly Marie Tran og Gwendoline Christie **Leikstjórn:** Rian Johnson **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Smárabíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumсыnd 14. desember



Rey ásamt tveimur af dyggustu stuðningsmönnum sínum, stormsveitarmanninum fyrirverandi Finn og Rose Tico.

Veistu svarið?

Eins og allir *Star Wars*-aðdáendur vita þá var hinn ógnvekjandi Svarthöfði, eða Darth Vader, fyrirverandi jedi-riddari og faðir Lukes Skywalker. En hvert var hið raunverulega skírnarnafn Svarthöfða?



hugkin.

Finndu kraftinn

Eftir að hafa tekið sín fyrstu skref í átt að því að verða jedi-riddari heldur Rey á vit ævintýra ásamt Luke Skywalker, Leiu prinsessu og hinum dyggu Poe og Finn þar sem þau eiga eftir að uppgötva leyndardóm kraftsins og fortíð sem var þeim hulin.

The Last Jedi er eins og allir sjálfsgagt vita áttundi kafli *Star Wars*-ævintýrsins og hefst að því er við best vitum þar sem síðasta kafli, *The Force Awakens*, endaði. Sú mynd sló öll fyrri aðsóknarnet *Star Wars*-myndanna og er í dag þriðja tekjuhæsta mynd sögunnar á eftir *Avatar* og *Titanic*. Hvort *The Last Jedi* eigi eftir að gera betur skal ósagt látið en það er þó margt sem bendir til að hún geri það.

Eitt af því sem gerir eftirvæntinguna mikla er að sagan í *The Last Jedi* er sögð taka mjög óvænta stefnu sem á eftir að koma jafnvel hörðustu aðdáendum á óvart. Við vitum ekki frekar en aðrir hvaða óvænta stefna þetta er en í frábærum stiklunum er ýmislegt gefið í skyn, þar á meðal það að Rey eigi jafnvel eftir að ganga til liðs við hin myrku öfl og snúast gegn eigin fólki. Því trúum við þó tæplega upp á hana en verðum eins og aðrir að biða frumsýningarinnar til að uppgötva sannleikann og svarið við spurningunni sem brennur á mörgum: Hver er þessi síðasti jedi sem heiti myndarinnar vísar í?



Eftir því sem við best vitum hefst myndin þar sem *The Force Awakens* endaði, þ.e. á eyjunni þar sem Rey hittir Luke Skywalker í fyrsta sinn.

Punktar

- Niundi og jafnframt síðasti kafli *Star Wars*-sögunnar er væntanlegur í desember 2019 en í maí á næsta ári, fáum við að sjá þriðju hliðarsöguna. Hún nefnist *Solo: A Star Wars Story* og segir eins og heitið bendir til frá ævintýrum Hans Solo áður en hann hitti Luke Skywalker í fjórða kafla sögunnar, *A New Hope*.

- Aðdáendur *Star Wars*-myndanna þurfa þó ekki að örvænta því nýlega var tilkynnt að von væri á nýjum *Star Wars*-þrileik, en eftir því sem okkur skilst mun hann gerast á allt öðrum stað í órávildum alheimsins og tengist ekki þeirri atburðarás sem við þekkjum.

- Fyrir utan þá sem tilgreindir eru í kreditlistanum hér bregður nokkrum öðrum þekktum leikurum fyrir í myndinni í misstórum hlutverkum og má þar nefna þau Benicio Del Toro, Lupitu Nyong'o, Joseph Gordon-Levitt, Tom Hardy, Justin Theroux og Warwick Davis.





ENNEM / SIA / NM82598

NÝTT & BETRA
OSTAPOPP

ENNEM / SIA



Jumanji: Welcome to the Jungle


Ævintýri / Gamanmynd



Aðalhlutverk: Dwayne Johnson, Jack Black, Kevin Hart, Karen Gillan, Bobby Cannavale, Alex Wolff, Tim Matheson og Nick Jonas

Leikstjórn: Jake Kasdan **Bió:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Borgarbíó Akureyri, Selfossbíó, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Bíóhöllin Akranesi og Eyjabíó

Frumskýnd 26. desember



Fjórmennigarnir lenda í ýmsum vandræðum í Jumanji-leiknum.

Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn á tiltölulega skömmum tíma sem þeir Dwayne Johnson og Kevin Hart leika saman en það gerðu þeir einnig í gamanmynd sem var frumsýnd í júní í fyrra og var leikstýrt af Rawson Marshall Thurber. Hvaða mynd var það?



Central Intelligence

Lifðu þig inn í leikinn

Þegar þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha eru látin sitja eftir í skólanum rekast þau á gamla leikjatölvu í kjallaranum og leik sem þau hafa aldrei heyrt minnst á áður, Jumanji. Þau ákveða að prófa að spila – og sogast bókstaflega inn í leikinn.

Grín-, hasar- og ævintýramyndin *Jumanji: Welcome to the Jungle* á áreiðanlega eftir að reynast hressandi og fyndin skemmtun en hún er ein þriggja nýrra mynda sem frumsýndar verða á annan dag jóla, þriðjudaginn 26. desember. Þetta er sjálfstætt framhald myndarinnar *Jumanji* frá árinu 1995 sem var aftur byggð á samnefndri bók rithöfundarins Chris Van Allsburg. Í henni var Jumanji borðspil en hefur hér þróast yfir í að vera tölvuleikur með þá stórfurðulegu hliðarverkun að um leið og spilendur byrja að spila hverfa þeir inn í tölvuna og leikinn og breytast í karakterana sem þeir spila með.

Eftir að þau Spencer, Bethany, Fridge og Martha átta sig á hvað hefur gerst og komast yfir mesta áfallið og undrunina uppgötva þau að eina leiðin fyrir þau að snúa aftur til raunveruleikans er að sigrast á andstæðingum sínum og forðast að verða drepin af einhverju af villtu dýrunum sem eru úti um allt í hinni ævintýralegu opnu veröld leiksins – áður en þau klára lífin þrjú sem þau hafa úr að spila!



Nick Jonas leikur hinn dularfulla bjargvætt Alex, en í aðalhlutverkunum fjórum eru Dwayne Johnson, Karen Gillan, Jack Black og Kevin Hart.

Punktur

- Eins og kemur fram hér fyrir ofan er þessi mynd sjálfstætt framhald af *Jumanji* frá árinu 1995 en í henni fór Robin Williams heitinn með stærsta hlutverkið ásamt þeim Kirsten Dunst og Jonathan Hyde. Í henni hafði karakter Robins, Alan Parrish, fest inni í leiknum og í nýju myndinni má sjá skýrar vísbendingar um veru hans í honum, Robin til heiðurs og til minningar um þann frábæra leikara.

- Leikstjóri myndarinnar er Jake Kasdan sem sló í gegn ungur að árum árið 1998 með myndinni *Zero Effect* og hefur síðan m.a. gert myndirnar *Orange County*, *Bad Teacher* og núna síðast *Sex Tape*.

- Sá hluti myndarinnar sem gerist í raunheimum gerist í sama bæ og fyrri myndin, þ.e. í Bratford í New Hampshire.





2 GÓÐIR SAMAN JÓLATVENNA





Pitch Perfect 3

Gamanmynd / Tónlist



Aðalhlutverk: Anna Kendrick, Hailee Steinfeld, Rebel Wilson, Ruby Rose, Elizabeth Banks, Brittany Snow, Anna Camp, Matt Lanter, John Michael Higgins og Alexis Knapp **Leikstjórn:** Trish Sie **Bíó:** Laugarás-bíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 26. desember



Að sjálfsgöðu fylgjast þau John og Gail með öllu sem gerist en þau eru sem fyrr leikin af John M. Higgins og Elizabeth Banks.

Veistu svarið?

Ein af þeim sem snúa hér til baka er leikkonan Hailee Steinfeld sem var tilnefnd í fyrra til Golden Globe-verðlaunanna fyrir leik sinn í *The Edge of Seventeen* og á það afrek að baki að hafa verið tilnefnd til Óskars-verðlauna fyrir sína fyrstu mynd. Hvaða mynd?



True Grit

Hinn eini sanni samhljómur

Eftir að hafa útskrifast hafa skólasysturnar og vinkonurnar sem skipuðu sönghópinn Bellurnar tvístrast og reyna nú að standa sig hver í sínu lagi á hinum almenna vinnumarkaði. Þær sakna þó allrar gamla tímans og þegar þær fá óvænt tækifæri til að taka þátt í söngkeppni á Spáni slá þær til.

Bíómyndin *Pitch Perfect* sló óvænt í gegn árið 2012, enda laufléttur og ærslafullur farski sem gekk fullkomlega upp í bland við frábær söngatriði og tónlist sem naut mikilla vinsælda. Það kom því engum á óvart að mynd númer tvö yrði gerð eftir sömu uppskrift árið 2015 og svo fór að hún varð tvöfalt vinsælli en sú fyrsta. Þegar það var orðið ljóst var ákveðið að slá til í þriðju myndina sem nú er tilbúin og verður ein af jólamyndum ársins, frumsýnd á annan dag jóla.

Sagan hefst eftir að elstu Bellurnar hafa lokið námi og eru komnar í ýmis og fjölbreytt störf út um hvippinn og hvappinn. Þær eru misánægðar með það líf og sakna allar sem ein hver annarrar og að sjálfsgöðu lífsins með sönghópnum sem vann m.a. það afrek að verða heimsmeistarar í söng og sviðsframkomu án hljóðfæra.

Dag einn fá þær tækifæri til að hittast á ný og það er ekki að spyrja að því að ein þeirra hefur komist á snoðir um söngkeppni á Spáni sem þeim býðst að taka þátt í. Það þarf ekki að nefna þetta tvisvar og áður en varir er hópurinn kominn til Spánar þar sem þeirra bíður erfðasta keppnin til þessa því í þetta sinn er sönghópnum sem keppa leyft að koma með hljóðfæri og nota þau á sviðinu ...



Amy reynir hér að hugga Becu sem leiðist svo í hversdagsvinnunni að hún ákveður að segja upp og láta sér frekar leiðast heima í staðinn.

Punktur

• Flestar leikkonurnar úr fyrri myndunum mæta til leiks á ný í þessari og eins og í mynd tvö eru nýir sönghópar kynntir til sögunnar sem óhætt er að segja að séu hver öðrum betri, enda var lögð áhersla á að gera sviðs- og söngatriðin í *Pitch Perfect 3* þau bestu hingað til.



Höfum gaman um

hátiðarnar með Pringles





Ferdinand
Teiknimynd



Íslensk talsetning: Hjörtur Jóhann Jónsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Jón Stefán Kristjánsson, Orri Huginn Ágústsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Ævar Þór Benediktsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Steinn Ármann Magnússon, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason o.fl. **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Álfa- bakka, Borgarbíó Akureyri, Selfossbíó, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Bíóhöllin Akranesi og Eyjabíó

Frumskýnd 26. desember



Ferdinand verður fumsýnd á annan dag jóla og er kjörin fjölskyldu- skemmtun, ljúf, fyndin, leiftrandi fjörug og hæfilega spennandi.

Punktar

• *Ferdinand* verður sýnd með íslensku og ensku talsetningunni, en einnig með pólskri talsetningu og er það í fyrsta sinn sem upp á það hefur verið boðið í íslensku kvikmyndahúsi.





BÍÓKORT Í JÓLAGJÖF

Bíókort í Smárabíó og Háskólabíó er góð gjöf fyrir alla



1 mánaðar
~~4.990 kr.~~
3.740 kr.

3 mánaða
~~12.990 kr.~~
9.740 kr.

12 mánaða
~~39.990 kr.~~
29.990 kr.


12 mánaða Lúxus
~~79.990 kr.~~
59.990 kr.

Bíókortin fást í miðasölum bíóanna

SMÁRA  **BÍÓ**

HÁSKÓLA  **BÍÓ**

Kynntu þér úrvalið á www.smarabio.is/biokort



The Disaster Artist

Sannögulegt



Aðalhlutverk: James Franco, Dave Franco, Seth Rogen, Alison Brie, Josh Hutcherson, Zac Efron, Sharon Stone, Megan Mullally og Zoey Deutch **Leikstjórn:** James Franco **Bló:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni og Akureyri, og Bló Paradís

Frumskýnd 29. desember



Frá upptökum á *The Room*, en þarna eru m.a. Seth Rogen í hlutverki handritsráðgjafans Sandys og Dave Franco í hlutverki Gregs Sestero.

Veistu svarið?

James Franco hefur um árabíl haft það orð á sér að vera vinnufúll enda er hann alltaf með fjölmörg verkefni í gangi, bæði sem leikari, leikstjóri og handritshöfundur. En í hvaða frægu sjónvarpsþáttum sló hann uppahflega í gegn árið 1999?



Freaks and Geeks

Svo vond að hún varð góð

Kvikmyndin *The Room* sem Tommy Wiseau stóð að og lék aðalhlutverkið í árið 2003 varð fljótlega eftir frumsýningu fræg fyrir að vera svo slæm og illa leikin að hún fór allan hringinn og er nú af mörgum talin ein myndasta mynd allra tíma – þótt Tommy hefði síður en svo ætlað sér að gera gamanmynd.

The Disaster Artist er um gerð þessarar myndar og er leikstýrt af James Franco sem jafnframt leikur Tommy Wiseau og þykir gera það af stakri snilld, en Tommy var og er afar sérstakur maður á allan hátt, bæði í orði og æði, svo ekki sé sterkar til orða tekið. Handritið er eftir félagana Scott Neustadter og Michael H. Weber (*500 Days of Summer*, *The Spectacular Now*, *The Fault in our Stars*, *Paper Towns*) og er byggt á bókinni *The Disaster Artist: My Life Inside The Room, the Greatest Bad Movie Ever Made* eftir Greg Sestero sem var (og er sennilega enn) einn besti og nánasti vinur Tommys Wiseau og lék stórt hlutverk í mynd hans, hlutverk Marks (Oh, hi Mark).

The Disaster Artist kemur í kvikmyndahús 29. desember og eru þeir sem vilja sjá góðar blómyndir sem líða þeim seint úr minni eindregið hvattir til að láta hana alls ekki fram hjá sér fara.



James Franco leikstýrir myndinni og leikur aðalhlutverkið, hinn sérstaka Tommy Wiseau, sem er hér að leika í einu frægasta atriði myndarinnar *The Room*. Ef þið hafið ekki séð þetta atriði þá hvetjum við ykkur til að sjá það á YouTube, en atriðið er svo fátíðlegt og illa leikið að það verður að einu myndasta atriði kvikmyndasögunnar.

Punktur

- Fjölmargir kunnir leikarar koma fram sem þeir sjálfir í *The Disaster Artist*, þar á meðal þau Kristen Bell, Lizzy Caplan, Bryan Cranston, Adam Scott, Kate Upton, Zach Braff og Bob Odenkirk ásamt leikstjórnunum J.J. Abrams og Judd Apatow. Rúsínurnar í pylsuendanum eru svo Tommy Wiseau sjálfur, sem leikur karakter að nafni Henry, og Greg Sestero sem leikur ónefndan ráðningastjóra.

- The Disaster Artist* hefur verið sýnd á ýmsum kvikmyndahátíðum í haust og fengið afar góða dóma bæði almennra hátíðargesta og gagnrýnenda. Það kæmi svo ekki á óvart að hún myndi hljóta mörg verðlaun þegar árið verður gert upp um og eftir áramótin.



Bræðurnir James og David Franco ásamt mönnum sem þeir leika í myndinni, Tommy Wiseau og Greg Sestero.

„Meira og minna endurrunnið efni“




„Algjört rus!“

SORPANOS II

Farðu inn á Sorpa.is til að sjá draslið

GAMLIR LARFAR • RYÐGADIR NAGLAR • ÓMERKLEGUR PAPPÍR • ROTIN EPLI • ÓHREINT MJÖL • TÓM STEYPA
Símuleiðis SKÍTAMIX • PAPPKASSAR • CALLAGRÍPÍR • ÚRIHRÖK • ÚRELT HÖRKUTÖL & ANNAR GÓSS  Endurnærslustöðvar opnar kl 18:30 alla daga

Kynntu þér allt um flokkun á flokkiid.sorpa.is 



The Greatest Showman

Sannsógulegt / Tónlist



Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Michelle Williams, Zac Efron, Rebecca Ferguson, Zendaya, Paul Sparks, Sam Humphrey and Keala Settle

Leikstjórn: Michael Gracey **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Egilshöll, Borgarbíó Akureyri, Selfossbíó, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Bíóhöllin Akranesi og Eyjabíó

Frumskýnd 29. desember



P.T. Barnum setti upp margar magnaðar sýningar sem slógu í gegn.

Veistu svarið?

Flestir leikarar myndarinnar hafa langa reynslu af dansi og söng, þar á meðal Zac Efron sem sló einmitt upphaflega í gegn í þekktri dans- og söngleikjaseríu. Hvað heitir hún?



High School Musical

Ekkert er ómögulegt

The Greatest Showman sækir innblásturinn í líf hins stórmerka frumkvöðuls, heimspekings og gleðigjafa P.T. Barnum, en hann stofnaði m.a. fjölleikahús sem naut mikilla vinsælda á vesturströnd Bandaríkjanna og víðar um miðbik 19. aldar.

Það er Hugh Jackman sem leikur P.T. Barnum í þessari fjöruðu og litríku mynd leikstjórans Michaels Gracey sem í anda sögunnar sem hún segir inniheldur mörg töfrandi sýningaratriði, dansa og söngva, en aðalhöfundar laga og texta eru Golden Globe- og Óskarsverðlaunahafarnir Benj Pasek og Justin Paul sem sömdu m.a. lögin og textana í hinni margverðlaunuðu mynd *La La Land*.

Á meðal helstu meðleikara Hughs eru þau Michelle Williams sem leikur eiginkonu hans, Charity, Rebecca Ferguson sem leikur Jenny Lind, en hana gerði Barnum að einni þekktustu og vinsælustu söngkonu Bandaríkjanna á sínum tíma, Zac Efron og hin hæfileikaríka Zendaya. Handritið er hins vegar skrifað af Óskarsverðlaunahafanum Bill Condon eftir sögu Jennyar Bicks.

Stíklurnar úr myndinni eru frábærar og það er nokkuð ljóst að *The Greatest Showman* er mikil og góð skemmtun fyrir augu og eyru.



Hugh Jackman leikur hugsjónamanninn og frumkvöðulinn P.T. Barnum og Michelle Williams leikur eiginkonu hans, Charity.

Punktur

- Það er óhætt að segja um P.T. Barnum (1810–1891) að hann hafi verið langt á undan sinni samtíð, en fyrir utan að setja upp ótal sýningar var hann líka rithöfundur og stjórnmalamaður sem lét mikið til sín taka, ekki síst í þágu samfélagsins. Við fjölluðum dálítið um ótrúlega framkvæmdagleði þessa einstaka manns í síðasta blaði og viljum hvetja áhugasama að kynna sér líf hans nánar á netinu.

- Orðrómurinn segir að *The Greatest Showman* verði „feel good“-mynd ársins 2017 en hún þykir alveg einstaklega vel heppnuð.



Zac Efron leikur Phillip Carlyle, helsta aðstoðarmann P.T. Barnum.



BY APPOINTMENT TO THE ROYAL DANISH COURT

Anthon Berg

Since 1884



YOU CAN NEVER BE TOO GENEROUS
